

**Ed.**

**556. Nefndarátt**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1930.

**Frá fjárveitinganefnd.**

Nefndinni hefir verið það fullljóst, að þörf væri á að hraða sem mest afgreiðslu fjárlaga í þessari deild.

Fjárlög voru ekki lögð fram til 1. umræðu í efri deild fyrir en liðnir voru 75 dagar frá þingsetningu. Er þá auðsætt, að ef samsvarandi tíma væri varið til afgreiðslu þeirra eftir það, yrði þingið óhæfilega langt. Nefndin hefir því hagað störfum sínum að nokkru leyti með hliðsjón af því, hversu mjög nú er liðið á edlilegan og hæfilegan þingtíma. Hefir þess vegna verið dregið til 3. umræðu að taka ákvarðanir og gera tillögur um viss mikilsvarðandi atriði fjárlaganna, með það fyrir augum að nota frestinn þar til 3. umr. hefst til þess að ihuga þessi atriði sjerstaklega. Taldi nefndin, að á þann hátt sparaðist nokkur tími.

Nefndin leggur því ekki í þetta sinn fram neinar tillögur um tekjubálkinn, ræðst ekki í neinn verulegan niðurskurð útgjalda til þess að verjast tekjuhalla, og gerir engar tillögur um 23. gr. Þetta er gert með ráðnum hug, með það fyrir augum að taka þessi atriði sjerstaklega til yfirvegunar við 3. umr.

Nefndinni er það hinsvegar fullljóst, að sú er ein fyrsta skylda þingsins, að ganga á þann hátt frá fjárlögum, að þau sjeu tekjuhallalaus, og áætlun

tekna og útgjalda þó það varleg, að fylsta ástæða sje til að ætla, að beri sig í heild í venjulegu árferði.

Nefndin gefur engar bendingar um það hjer, hverja skoðun hún hefir á tekjuáætlun fjárlaganna eins og hún nú er. En eftir að þannig er gengið frá tekjuhlíð þeirra, að svo mikið hefir verið teyggt úr tekjuvonunum, sem fært þykir, án þess þó að brjota í bág við sjálsagða varfærni, þá er varla um aðra leið að ræða til þess að losna við tekjuhalla — sje hann annars kominn — en að nema burt útgjöld. Þó taldi nefndin rjett að fá við 2, umr. fjárl. í efri deild bendingu um fjármálastefnu deildarinnar, áður en gerð yrði fullnaðarráðstöfun til varnar tekjuhalla.

Nefndarmenn hafa hvergi nærri alstaðar getað orðið sammála um tillögur nefndarinnar, og hafa þeir þá óbundið atkvæði um þá liði, en óþarft þykir að taka fram við hverja tillögu, hve margir nefndarmenn sjeu heuni fylgjandi.

Skal eigi eytt um þetta fleiri orðum, en vikið nokkuð að breytingar-tillögum nefndarinnar.

#### 10. gr.

Nefndin leggur til, að ríkisbókara verði greidd 1000 króna persónuleg launaviðbót. Er þetta gert eftir bendingu frá fjármálaráðherra, sem taldi þessa fulla þörf og kleift án þess að hækka liðinn til ríkisfjehirðisstarfa í heild.

#### 11. gr.

Við þessa grein er gerð sú eina breyting — einnig eftir bendingu frá fjármálaráðherra —, að lagt er til að hækka þóknun fyrir aðstoð veifróðs manns við endurskoðun skipamælinga úr 500 kr. í 1000 kr. Páll skólástjóri Halldórsson hefir gegnt þessu starfi síðan 1904 fyrir lítið gjald, 300 kr. til ársloka 1917 og 500 kr. úr því. Hann hefir óskað eftir þessari hækkun, og taldi nefndin hana sanngjarna.

#### 12. gr.

Nefndin leggur til, að liðurinn til styrktar læknum til utanfarar hækki úr 2000 kr. upp í 3000 kr., og að lækni Vestmannaeyinga Ólafi Ó. Lárussyni, verði greiddar 1500 kr. þar af. Litur nefndin svo á, að þessi lækni hafi nokkra sjerstöðu vegna þess, hve tíðar eru skipakomur við Eyjar, mikið annriki fyrir lækni þar og brýn nauðsyn á góðri þekkingu og atorku. Fyrir lá beiðni frá lækni þessum um 3000 króna fararstyrk til Þýskalands og Austurrikis til framhaldsmentunar í almennum lækningum. Sú skoðun kom fram í nefndinni, að rjettara myndi að greiða betur en gert hefir verið að undanförfu fyrir læknum í embætti til utanfarar, til þess að kynnast nýjungum í læknisfræði, en veita færri námsstyrki í sama augnamíði.

Þá leggur nefndin til, að niður falli þrir sjúkrastyrkir, til Ólafs Stefánssonar, Unnar Vilhjalmsdóttur og Þorgils Þorgilssonar. Nefndin litur svo á, að þingið geti ekki veitt slíka styrki þannig, að rjettlætt verði, og vill því algerlega hverfa af þeirri braut.

#### 13. gr.

Þótt nefndin vilji ekki mæla því í gegn, að þörf sje á dragferju á

Hólsá í Rangárvallasýslu, þá virðist það mál ekki nægilega undirbúið og tillagið úr ríkissjóði hærra en nefndin veit dæmi til áður. Leggur nefndin því til, að liðurinn til þessarar dragferju, 7500 kr., falli niður að þessu sinni.

Nefndin telur rjett, að landssímastjóri og ríkisstjórnin hafi sem óbundnastar hendur um það, hvar verði lagðir nýir simar. Af þeirri ástæðu er lagt til, að niður falli athugasemdin um simalínuna frá Ögri að Snæfjöllum.

Þá leggur nefndin til, að veittar verði 5100 kr. til lendingarbóta við Unaós, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Þetta er hinn eini staður við Hjeradsflóa, er notaður verður sem lendingar- og upplagsstaður fyrir vörur, en þó ónothæfur án viðgerðar. Verður nefndin því að fallast á nauðsyn fyrir þessari fjárveitingu. Fyrir lá teikning og áætlun, gerð að tilblutun vitamála-  
stjóra.

Ennfremur leggur nefndin til, að veittar verði 15000 kr. til þess að ljúka þeim lendingarbótum í Ólafsvík, sem unnið hefir verið að að undanfögnu, svo að það mikla fje, sem þegar hefir verið lagt fram, geti komið að tilætludum notum. Þótt lög um hafnargerð í Ólafsvík frá 1919 geri ráð fyrir  $\frac{1}{4}$  kostnaðar úr ríkissjóði til hafnarinnar, er hjer lagt til, að greiddur verði  $\frac{1}{4}$  hluti, þar sem þetta verður fremur að telja lendingarbætur en hafnargerð.

#### 14. gr.

Eftir upplýsingum frá mentamálaráðinu þótti sýnt, að námsstyrkurinn samkvæmt ákvörðun þess myndi tæplega hrökkva til þeirra stúdentna, sem teknir voru í fjárlög þessa árs og nauð-ynlegast er talið, að styrktir verði áfram. Leggur því nefndin til 4000 króna hækkun á liðnum, en að jafnframt falli niður hin sjerstaka fjárveiting til Kristins Björnssonar læknis.

Þá þótti nefndinni sanngjarnt að hækka um 800 kr. styrk til Iðnaðarmannafjelags Akureyrar til kvöldskólahalds. Fjelagið rekur mjög vel útbúinn og fjölsóttan kvöldskóla og hefir miklu til hans kostað. Jafnframt þótti sanngjarnt að taka einnig að nokkru til greina umsókn frá Iðnaðarmannafjelagi Hafnarfjarðar um styrk til samskonar skólahalds þar.

Fyrir nefndinni lá umsókn um 5000 kr. framlag til viðgerðar á húsi kvennaskólans á Blönduósi og kostnaðaráætlun um verkið. Nefndinni þótti sýnt, að viðgerð þessi væri nauðsynleg, og leggur til, að 4000 kr. verði veittar.

Nefndin telur gagnfræðaskóla Reykjavíkur sjerskóla fyrir Reykjavík eða einstaka menn þar, enda utan þeirra takmarka, sem þing og stjórn hefir sett. Leggur því til, að styrkur til hans falli niður.

Þá telur nefndin rjett, að Flensborgarskóli verði háður samskonar eftirliti fræðslumálastjórnarinnar og aðrir skólar landsins. Leggur því til, að fjárhæð sú, 16000 kr., sem þeim skóla er ælluð sjerstaklega í frv., færist yfir á þann lið, sem ællaður er unglingskólum utan Reykjavíkur, og lúti sömu skilyrðum.

Hækkun á liðnum til útgáfu kenslubóka er gerð með sjerstöku tilliti til þess, að mentaskólana skorti tilfinnanlega hentugar kenslubækur á íslensku máli.

Á fleiri stöðum á landinu eru nú uppi háværar raddir um nýja hús-

mæðraskóla, sem og er vonlegt. Húsmæðraskólar þeir, sem til eru nú, geta ekki rúmað nema nokkurn hluta þeirra, sem þangað vilja og þurfa að komast. Úr þessu verður að bæta.

Nefndin leggur til, að 20000 kr. standi í fjárlögum nú, sem taka megi til einhversstaðar á landinu, þar sem fje er fyrir hendi til að leggja á móti og settum skilyrðum fullnægt að öðru leyli.

Minni hluti nefndarinnar (Í. H. B. og Jóh. Jóh.) óskar tekið fram, að hann sje mótfallinn nokkru framlagi úr rikissjóði til húsmæðrafræðslu, meðan sú fræðsla er ekki sett í kerfi í landinu, sem önnur fræðsla.

Í frumv. eru tveir styrkir til utanfarar glímumanna, annar til glímufjelagsins »Ármanns« og hinn til íþróttafjelags stúdenta. Nefndin vill ekki fallast á þá aðferð að kosta af fje rikisins þessháttar ferðalög í ýmsar áttir samtímis. Vill þó ekki gera upp á milli þessara aðilja, enda þykir vafasamt, að hjer sje fyrir hendi sá undirbúningur, sem vera þarf til þess að rjett sje að kosta fje til glímusýningar erlendis. Leggur nefndin því til, að báðir þessir styrkir sjeu niður feldir.

#### 15. gr.

Amtsbókasafnið á Seyðisfirði hefir sótt um 2000 króna sjerstakan styrk til bókakaupa og til þess að hafa opinn lestrarsal fyrir almenning. Þar sem sýnt er af reikningum safnsins, að hlutaðeigendur hafa lagt því allmikið sje, þótti nefndinni sanngjarnt að verða við beiðni þeirra að nokkru, enda allrif fjárhæð veitt til slikra safna í öðrum fjórðuogum landsins. Nefndin leggur því til að veita safninu 1000 kr. styrk.

Björn K. Þórólfsson mag. art. sækir um sama styrk og honum er veittur í fjárlögum þessa árs, til þess að semja skrá um skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Khöfn.

Þar sem slika skrá er mjög nauðsynleg þeim, er kanna vilja sögu vora, og þegar er byrjað að veita sje til samningar hennar, telur nefndin rjett að hætta ekki við hálflokið verk, enda er umsækjandi að dómi merkra fræðimanna mjög vel hæfur til starfsins. Nefndin leggur því til, að veittar sjeu 1500 kr. til þessa verks, enda fái þjóðskjalasafnið afrit af skránni.

Nefndin hefir talið rjett að hækka framlag rikissjóðs til Leikfjelags Akureyrar um 500 kr. Hefir fjelag þetta vandað mjög til leiksýninga sinna og Akureyrarbær lagt því miklu meira fje í hlutfalli við rikisstyrkinn en aðrir bæir sínum leikfjelögum, og verður þessi hækkun því að teljast sanngjörn.

Nefndin litur svo á, að farið sje inn á nokkuð varasama braut með því að veita karlakór Reykjavíkur styrk til söngnáms. Leggur hún til, að farið sje gætilega í því efni og styrkurinn færður niður um helming, enda hyggur hún, að allmikla kenslu megi fá fyrir þá fjárhæð.

Svo sem kunnugt er, hefir sr. Jón Sveinsson fært þjóð sinni hverja ágætisbókina á fætur annari. Þar sem afráðið er að styrkja hann til heimfarar á annað borð, sem nefndin telur vel ráðið, litur hún svo á, að styrkurinn megi ekki minni vera en svo, að hann nægi fyrir beinum ferðakostnaði. Vill því hækka hann upp í 1200 kr.

Styrkinn til Samúels Eggertssonar til að gefa út hlutfallauppdrátt af

sögu landsins vill nefndin fella niður, þar sem eigi hafa heyrst neinar raddir frá skólum landsins um, að þörf væri á slíku verki, og nefndin dregur nokkuð í efa, að uppdráttur þessi yrði að miklu gagni.

Stúdentaráðið hefir sótt um 1200 kr. til upplýsingaskrifstofu til leiðbeiningar námsfólki, er fara vill utan. Nefndin telur, að allmikið gagn megi verða að slíkri leiðbeiningastarfsemi og mælir með því, að veittar sjeu 1000 kr. í þessu skyni.

#### 16. gr.

Nefndin leggur til, að sjerstök fjárveiting til rannsóknar búfjár sjúkdóma falli niður, en í staðinn komi nýr liður, 20 þús. kr. til rannsóknarstofu í þarfir atvinnuveganna. Er þetta gert í samræmi við hin nýju lög um þetta efni.

Þar sem sildareinkasalan kostar sildarmatið, leggur nefndin til, að liðurinn undir 16. gr. 22 c. falli niður.

Þar sem sje er veitt sjerstaklega til háskólans til gerlarannsóknar, telur nefndin rjett, að niður falli liðurinn undir 16. gr. 27, enda er maðurinn, sem framkvæmt hefir þessar rannsóknir, látinn.

Styrknum til heimilisiðnaðarfjelaganna vill nefndin að fylgi sama at-  
hugasemd og í núgildandi fjárlögum, að 800 kr. gangi til Geirs Þormars myndskera, til þess að halda uppi námsskeiðum í trjeskurðarlist í islenskum stíl á Norður- og Austurlandi.

Þar sem ætla má, að kostnaður við landsfund kvenna næsta ár verði allmiklu meiri en að undanförunu, vegna hátíðahaldanna, vill nefndin veita til hans nokkru rifari styrk en áður, eða 1500 kr. í stað 1000.

Nefndin leggur til, að niður falli styrkur til Dýraverndunarfjelags Íslands. Mun það hafa allrífan sjóð til stuðnings starfi sínu og ganga greiðlega að afla fjár með samskotum, og því eigi brýn þörf að veita því tje í fjárlögum.

Hjörleifur Björnsson bóndi á Hofsstöðum í Miklaholtshreppi sækir um 1000 kr. sem viðurkenningu fyrir að hafa haft á hendi ókeypis brjefhirðingu fyrir sveitunga sína í 30 ár, með því að pósthjórnin fjekest ekki til að ákveða þar reglulega brjefhirðing. Þrátt fyrir itrekaðar óskir, fyr en á síðasta ári. Það virðist viðurkent, að á Hofsstöðum hafi verið þörf reglulegrar brjefhirðingar, þar sem hún er ákveðin þar nú, og getur nefndin því lagt til að veita 500 kr. þessu skyni í eitt skifti fyrir öll.

#### 17. gr.

Nefndin telur það varasamt fordæmi, að ríkið fari að styrkja minningarsjóði einstakra manna. Einkum virðist ríkið verja þegar ærnu sje til berklavarna, þótt það fari ekki að styrkja hjeruðin til þess að leggja fram sinn hluta af kostnaðinum, eins og að virðist stefnt með 14. lið 17. greinar.

Nefndin leggur því til, að 14. og 21. liður 17. gr. falli niður.

Í fjárlögunum hefir verið styrkur til gamalmennahælis á Ísafirði, og vill nefndin, að það komi skýrt í ljós, að hann sje hugsaður sem húsaleigustyrkur.

Í annan stað hefir komið umsókn frá kvenfjelagi á Seyðisfirði um 3500 kr. styrk til þess að eignast hús fyrir gamalmennahæli. Þar sem nefndin

telur slíkar stofnanir mjög þarfar, sjer hún sjer ekki fært að neita um einhvern styrk í þessu skyni, og leggur til, að hann sje ákveðinn 2500 kr.

#### 18. gr.

Líðinn í 18. gr. II. b. 23 hefir nefndin hækkað um 100 kr., og er það aðeins leiðrjettling.

Þá leggur nefndin til, að ekkju Kristjáns læknis Kristjánssonar á Seyðisfirði, sem er bláfátæk, verði veitt 400 króna eftirlaun. Er það í samræmi við það, sem veitt hefir verið öðrum læknaekkjum, er líkt hefir staðið á um.

Óli P. Blöndal póstritari hefir mist heilsuna, svo að hann verður að láta af embætti. Hefir hann sótt um 3000 króna eftirlaun. Maðurinn er óvinnufær með öllu og hefir fyrir ómegð að sjá. Vill nefndin, að honum verði ákveðin 1800 króna eftirlaun, og telur það í samræmi við eftirlaun Friðriks Klemenssonar.

Ragnheiður Bjarnadóttir hefði átt að fá 1200 kr. í ekkjutrygging og eftirlaun, ef lögin frá 1919 um ekkjutrygging hefðu ekki leyst fimtuga menn frá að kaupa slíka trygging.

Þar sem það virðist ekki hafa verið ætlun þingsins, að ekkjur þessara embættismanna yrðu ver farnar en aðrar, leggur nefndin til að ákveða eftirlaun þessarar konu 1000 kr., svo að þau verði meir í samræmi við eftirlaun bliðstæðra ekkna.

Nefndin getur ekki fallist á, að rjett sje að ákveða Stefáni frá Hvitadal svo háan styrk sem gert er í frv. Leggur því til, að hann sje færður niður um helming.

Anna Þorsteinsdóttir hefir gegnt ljósmóðurstörfum yfir 40 ár, en Kristín Jónasdóttir tæp 30 ár. Báðar eru þrotnar að heilsu. Leggur nefndin því til að ákveða eftirlaun hinnar fyrnefndu 400 kr., en hinnar síðarnefndu 300 kr.

Ekkja Þorsteins Guðmundssonar fiskimatsmanns á við mjög mikla örbirgð og erfíðleika að stríða, og með því að maður hennar leysti af hendi mikið þjóðnytjaverk, vill nefndin hækka örlítið eftirlaun hennar.

Jakob Björnsson sildarmatsmaður á Svalbardseyri hefir orðið að láta af starfi vegna sjóndepru og elli og sækir um að fá að halda fullum launum. Þar sem maður þessi hefir gegnt starfinu lengi, vill nefndin mæla með því, að hann fái 1200 kr.

Fyrir nefndinni lá erindi nokkurra merkra mentamanna úr Reykjavík um að hækka styrk til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará um 1000 krónur. Nefndin leggur til, að styrkurinn verði framvegis 800 kr.

#### 22. gr.

Fjármálaráðherra kom á fund nefndarinnar og benti á, að ómögulegt yrði að veita lán úr viðlagasjóði til simalagninga, þar sem sje hans væri alt fast og hann auk þess í skuld við ríkissjóð.

Nefndin fjelst því á að fella niður 6. líð 22. gr., þar sem hann yrði aðeins til þess að vekja tálvonir hjá hlutadeigendum.

Nefndin getur ekki fallist á, að rjett sje að gefa nókkrum Stokkseyr-

ingum eftir með öllu lán það, er þeim var veitt vegna brunans 1926. En þar sem greiðsla frá þessum mönnum mun vera nokkuð óviss, getur nefndin fallist á að gefa þeim eftir helming lánsins jafnóðum og hinn hlutinn er greiddur.

Alþingi, 7. maí 1929.

Jón Jónsson, Páll Hermannsson, Ingibjörg H. Bjarnason.  
form. skrifari og frsm.  
Jóh. Jóhannesson. Erlingur Friðjónsson.